A child with long, wavy brown hair is lying on their back on a light-colored, textured surface, possibly a bed or rug. They are holding a large, thick red book open in front of their face, completely obscuring it. The child is wearing a light-colored, textured cardigan with dark buttons. The book's cover is a deep red color with white text. The scene is lit with warm, soft light, creating a cozy atmosphere.

Læsisstefna  
leik- og  
grunnskóla

---

Austur Húnavatnssýslu,  
Húnaþings vestra og  
leikskóla Strandabyggðar

Bls.	Efni
3	Samstarf leikskóla, grunnskóla og heilsugæslu  Foreldrasamstarf  Grunnbættir læsis
4	Snemmtæk íhlutun  Íslenska sem annað tungumál
5	Skilningur og tjáning
9	Málþróun
11	Kennsluaðferðir  Skipulag lesturs heima og í skóla
12	Lesferill
13	Skimanir

**Læsisstefnan Færni til framtíðar** var unnin í samvinnu sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu, Húnaþingi vestra og leikskóla Strandabyggðar. Markmið sameiginlegrar læsisstefnu er að samræma kennsluhætti og námsmat til að efla læsi. Unnin var heildstæð stefna af fulltrúum allra leik- og grunnskóla á svæðinu. Áhersla var lögð á að allir fengju að hafa áhrif á mótun stefnunnar og hún unnin þvert á skólastig. Út frá þeirri vinnu varð þessi bæklingur til.



Skólasamfélagið er byggt á þremur þáttum; **nemendum, foreldrum** og **starfsfólki skólanna** og er hlutverk læsisstefnunnar að styðja aðila skólasamfélagsins. Árangursríkt skólastarf byggir á góðu samstarfi allra þessara aðila, meðal annars við kennslu og þjálfun í læsi.

Mikilvægt er að geta tjáð sig, hvort sem það er í rituðu eða mæltu máli. Grunnurinn að samskiptum leynist í góðri málkunnáttu og möguleikanum á að geta aflað sér nýrrar þekkingar með tiltölulega einföldum hætti.

Börn eru líklegri til að ná góðum tókum á orðaforða og lestrarnámi ef þau hafa góðan grunn til að byggja á. Ef foreldrar byrja snemma að **tala** við börn sín, nota fjölbreyttan **orðaforða** og **lesa** fyrir þau, auðveldar það þeim að öðlast **þekkingu á móðurmálinu**.

Börn læra af því sem þau upplifa í umhverfi sínu; þegar þau heyra tungumálið, hlusta og veita því athygli sem fullorðnir gera og segja. Mikilvægt er að öðlast færni í notkun tungumálsins til að geta lesið sér til gagns. Samkvæmt Aðalnámskrá leik- og grunnskóla er meginmarkmið læsis að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn. Læsi stuðlar að því að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taki þátt í að móta það. Læsi nær því ekki einungis yfir það að geta lesið tákni og umskráð texta, heldur einnig að geta meðtekið og miðlað þekkingu með fjölbreyttum hætti.

**Læsissteymi sveitarfélaganna og fræðslustjóri A-Hún.**

---

## Samstarf leikskóla, grunnskóla og heilsugæslu

Samstarf er á milli leik- og grunnskóla þar sem markmiðið er að samfella sé í námi elstu barna leikskóla og 1. bekkjar grunnskóla. Upplýsingar um niðurstöður prófa og skimana í skólum eru aðgengilegar á báðum skólastigum og nýtast í skólastarfinu. Heilsugæsla upplýsir leikskóla að undangengnu skriflegu samþykki foreldra ef grunur vaknar um málproskafrávik.

## Foreldrasamstarf

Stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi skiptir miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan þeirra. Umhyggja og velferð barna verður best tryggð í góðu samstarfi milli foreldra og skóla svo að barnið fái sem best notið sín í leik og starfi.

### Lögð er áhersla á:

- að fræða og styðja foreldra í læsisuppeldi barna þeirra
- að allir foreldrar eigi jafna möguleika á samstarfi við skólasamfélagið
- að auka samráð við foreldra og styrkja aðkomu þeirra að skólastarfi



## Grunnþættir læsis

**Hljóðkerfisvitund** er tilfinning og næmi fyrir uppbyggingu tungumálsins, hvernig hægt er að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar og hvernig vinna má með einingarnar á mismunandi vegu. Góð hljóðkerfisvitund er nauðsynleg undirstaða fyrir lestrarnám.

**Umskráning** er hæfileikinn til að breyta bókstöfum orða í viðeigandi málhljóð, tengja þau saman til að mynda orð og finna merkingu þess.

**Lesfimi** er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri.

**Orðaforði** er sá fjöldi orða sem börn hafa á valdi sínu. Góður orðaforði er grundvallarþáttur í því að skilja talað og lesið mál en hlustunar- og lesskilningur byggir á góðum orðaforða. Orðaforði hefur einnig áhrif á leshraða því fleiri orð sem barnið þekkir í texta því hraðar les það textann.

---

**Tjáning** eflir sjálfstæði og sjálfsmynd barna og er grunnur þess að geta átt jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðra. Hún er mikilvægur þáttur í þroska barna og hægt að þjálfra með fjölbreyttum hætti.

**Lesskilningur** er ferli sem felur í sér fjölþætta, hugræna úrvinnslu og túlkun barna á texta og skilningi á því sem ritað er. Orðaforði er undirstaða lesskilnings og felst í því að tengja nýjar upplýsingar við það sem barnið veit fyrir. Lesskilningur er breytilegur vegna þess að hann er undir áhrifum af lestrarfærni barnsins.

**Ritun** snýst um að miðla upplýsingum. Ritun er ferli þegar rittákn eru notuð til að skrá niður tungumálið, hugsanir og orð. Hvetjandi ritmálsumhverfi er mikilvægt og veitir börnum tækifæri til að fylgjast með öðrum, gera tilraunir og prófa sig áfram. Lestur og ritun er ferli sem þjálfra þarf samhliða.

## Snemmtæk íhlutun

Í skólunum er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun með það að markmiði að greina sem fyrst þau frávik sem kunna að vera til staðar í málþroska og læsi barna. Unnið er með skipulögðum hætti að því að örva og þjálfra alla þætti tungumálsins svo sem tal, hlustun, orðaforða og málskilning. Skólarnir meta árangur til að fylgjast með framförum og bregðast við frávikum.

## Íslenska sem annað tungumál

### Lögð er áhersla á:

- að allir nemendur hafi sömu möguleika á að ná góðum árangri í læsi óháð móðurmáli
- að nemendur öðlist færni í íslensku
- að fræða foreldra um mikilvægi þess að börn eigi virkt móðurmál



Eftirfarandi viðmið sem unnin hafa verið af Ásthildi Bj. Snorradóttur og Bergrós Ólafsdóttur eru notuð í málörvun á leikskólanum. Viðmiðin byggja á niðurstöðum rannsókna þeirra.

## Skilningur og tjáning

1,8 – 2,4 ára

### Málskilningur

- Bendir á rétta hluti úr fjölda annarra
- Fylgir tveggja liða fyrirmælum
- Bendir á athafnir á myndum
- Þekkir nöfn fjölskyldumeðlima
- Byrjar að skilja stærðarhugtök
- Byrjar að skilja hugtakið einn
- Orðaforði eykst hratt



### Máltjáning

- Notar ný orð
- Notar nafnið sitt
- Byrjar að tengja saman 3-4 orð
- Byrjar að nota fornöfn
- Eftirherma eykst
- Biður um aðstoð eftir þörfum
- Notar sagnorð
- Byrjar að nota smáorð
- Setningar byrja að lengjast
- Getur myndað u.þ.b. 60% stakra máhljóða rétt

## Skilningur og tjáning

### Málskilningur

- Svarar einföldum spurningum
- Þekkir notkun hluta
- Byrjar að þekkja afstöðuhugtök
- Svarar já og nei spurningum
- Byrjar að hafa áhuga á því hvernig hlutir virka
- Byrjar að benda á hluta úr heild
- Byrjar að fara eftir flóknari fyrirmælum
- Þekkir einn til tvo liti
- Skilur neitun í setningum
- Notar ný orð



### Máltjáning

- Nefnir einn til tvo liti
- Notar ég um sjálf sig
- Heilsar, kveður og biður um hluti
- Notar neitun
- Notar eintölu/fleirtölu og afstöðuhugtök
- Getur sagt til um fullt nafn
- Svarar spurningum á viðeigandi hátt
- Byrjar að nota sagnbeygingar
- Segir til um líðan
- Telur 1-5
- Segir frá í liðnum atburðum
- Tjáir sig yfirleitt í setningum
- Getur myndað u.þ.b. 80% stakra máhljóða

Eftirfarandi viðmið sem unnin hafa verið af Ásthildi Bj. Snorradóttur og Bergros Ólafsdóttur eru notuð í málörvun á leikskólanum. Viðmiðin byggja á niðurstöðum rannsókna þeirra.

4–5 ára

## Málpróun

- Þekkir grunnliti og form
- Fer eftir flóknari fyriræmum
- Getur sagt frá ímynduðum hlutum
- Spyr margra spurninga
- Setningar lengjast
- Notar þátíð
- Málfræðiundirstaða



## Hugmyndir að málörvun

- Leika sér með málið: Ríma, klappa atkvæði, tala um orð/setningu
- Gera barnið meðvitað um ritmálið
- Svvara spurningum og leiða barnið í að svara sjálfst af hverju?
- Lesa ævintýri
- Spila skemmtileg spil
- Útskýra orð
- Fara eftir fyriræmum



## Málþróun

6 ára

- Réttur framburður máhljóða
- Notar rétta málfræði í setningum og frásögn
- Skilur flestar setningar
- Þekkir hægri og vinstri
- Getur sagt fyrir um endi á sögu
- Þekkir vikudaga og mánuði
- Kann viðeigandi boðskipti

### Hugmyndir að málörvun

- Lesa með barninu
- Fá barnið til þess að endursegja
- Vinna með heyrnarminni



---

## Kennsluaðferðir

Þegar kemur að málörvun og lestrarnámi barna er leikurinn afar mikilvægur enda hafa rannsóknir sýnt að börn læra best þegar kennslan fer fram í gegnum leik. Hann styður við lestrarnám einn og sér en hlutverk skólans er að veita börnum tækifæri til lestrarnáms og málörvunar með hvetjandi umhverfi. Skólar á svæðinu leitast við að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta hverjum og einum nemanda á hans forsendum í lestrarnámi.

## Skipulag lesturs heima og í skóla

Til að ná góðri lestrarfærni og leshraða þarf að þjálfra sig jafnt og þétt. Æfingin skapar meistarann á þar vel við. Því er mikilvægt að lesið sé fyrir börn á öllum aldri og þegar börn hafa færni til lesi þau daglega, ekki einungis í skólanum heldur einnig heima. Verum góð fyrirmynd, horfum á styrkleika barnsins, hvetjum það áfram og hrósum. **Lestur er grunnur alls náms.**



**Mikilvægt er að hafa í huga að í skólanum fer lestrarkennsla fram en þjálfunin fer fram heima.**

Aldur nemenda	Heimalestur	Lestur í skóla
Leikskóli	Foreldrar lesi fyrir börn sín á hverjum degi og ræði innihald textans.	Lesið fyrir börnin alla daga.
1. – 7. bekkur	Lesu upphátt 5 daga vikunnar.	Lestur daglega
8. – 10. bekkur	Lesu 5 daga vikunnar, upphátt einu sinni til tvisvar í viku.	Lestur daglega

---


## Lesferill

Lesferill er matstæki frá Menntamálastofnun sem metur grunnþætti læsis frá 5-16 ára aldurs s.s. hljóðkerfisvitund, lesfimi, lesskilning, ritun, stafsetningu, orðaforða og málskilning.

Prófin taka mið af Aðalnámskrá leik- og grunnskóla og fylgja áherslum sem þar eru lagðar. Stefnt er að því að Lesferill spanni skeiðið frá þriggja til sextán ára aldurs.

Menntamálastofnun hefur gefið út lesfimiviðmið fyrir 1. - 10. bekk grunnskóla. Viðmiðin eiga að endurspegla námskröfur til nemenda og hvernig færni þeirra eykst frá einum bekk til annars.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210



## Skimanir

Skimanir gegna því hlutverki að fylgjast með lesferli nemenda og tryggja kennslu við hæfi. Niðurstöður skimana eru nýttar í þeim tilgangi að efla nám nemenda á markvissan hátt. Deildarstjórar leikskóla og umsjónarkennarar bera ábyrgð á framkvæmd skimana og rýna í niðurstöður. Þeir greina sterka og veika þætti í samvinnu við sérkennara/sérkennslustjóra og skilgreina þætti sem þarf að vinna betur með einstaklingum eða hópum.



Aldur nemenda	Skimun	Áherslupættir	Framkvæmd
<b>2-6 ára, á 6 mánaða fresti</b>	TRAS	Málþroski og félagsþroski	Leikskólakennari eða fagaðili með TRAS réttindi
<b>2,5 ára</b>	Brigance og PEDS	Málþroski og almennur þroski	Heilsugæsla
<b>2-3 ára</b>	Orðaskil	Orðaforði, setningagerð og beygingarkerfi	Leikskóli í samstarfi við foreldra
<b>4 ára</b>	Gerd Strand*	Málþroski og almennur þroski	Leikskólakennari eða fagaðili með Gerd Strand réttindi
<b>5-6 ára</b>	Lesferill Hljóm-2	Hljóðkerfis- og málvitund	Leikskólakennari eða fagaðili með Hljóm-2 réttindi
<b>1. bekkur</b>	Lesferill - Lesskimun fyrir 1. bekk grunnskóla	Lesfimi Hljóðkerfisvitund Bókstafir Hljóð Málskilningur	Umsjónarkennari

Aldur nemenda	Skimun	Áhersluþættir	Framkvæmd
<b>2. bekkur</b>	Lesferill Orðalykill	Lesfimi Orðaforði	Umsjónarkennari
<b>3. bekkur</b>	Lesferill Orðarún	Lesfimi Lesskilningur Sjónrænn orðaforði Orðleysulestur Nefnuhraði Stafsetning Ritun	Umsjónarkennari
<b>4. bekkur</b>	Lesferill Samræmd könnunarpróf Orðarún	Lesfimi Lesskilningur Stafsetning Ritun Málnotkun	Umsjónarkennari
<b>5. bekkur</b>	Lesferill Orðarún Orðalykill	Lesfimi Lesskilningur Stafsetning Ritun Orðaforði	Umsjónarkennari
<b>6. bekkur</b>	Lesferill Orðarún	Lesfimi Lesskilningur Sjónrænn orðaforði Orðleysulestur Nefnuhraði Stafsetning Ritun	Umsjónarkennari
<b>7. bekkur</b>	Lesferill Samræmd könnunarpróf Orðarún	Lesfimi Lesskilningur Stafsetning Ritun Málnotkun	Umsjónarkennari

Aldur nemenda	Skimun	Áherslupættir	Framkvæmd
8. bekkur	Lesferill Orðarún Orðalykill	Lesfimi Lesskilningur Orðaforði Stafsetning Ritun	Umsjónarkennari
9. bekkur	Lesferill Samræmd könnunarpróf	Lesfimi Lesskilningur Stafsetning Ritun Málnotkun	Umsjónarkennari
10. bekkur	Lesferill	Lesfimi Lesskilningur Sjónrænn orðaforði Orðleysulestur Nefnuhraði Stafsetning Ritun	Umsjónarkennari

\*valkvætt

Nemendum sem ekki ná viðmiðum þrátt fyrir markvissa þjálfun heima og í skóla er vísað til stuðþjónustu skólanna.

Frá 4. bekk er hægt að leggja fyrir greiningarprófið LOGOS sem er forrit til að greina lestrarörðugleika hjá börnum og fullorðnum.

## Leik- og grunnskólar í Austur Húnavatnssýslu, Húnaþingi vestra og leikskólinn í Strandabyggð.

Upplýsingar um skólana og læsisstefnuna í heild sinni má nálgast á heimasíðum skólanna.

### Leikskólar

Barnaból Skagaströnd

<http://barnabol.hjalli.is/>

Barnabær Blönduósi

<http://www.leikskolinn.is/barnabaer/>

Vallaból Húnavatnshreppi

<http://www.leikskolinn.is/vallabol/>

Ásgarður Hvammstanga

<http://asgardur.leikskolinn.is/>

Lækjarbrekka Hólmavík

<http://www.strandabyggd.is/leikskolinn/>

### Grunnskólar

Höfðaskóli Skagaströnd

<https://www.hofdaskoli.is/>

Blönduskóli Blönduósi

<http://blonduskoli.is/>

Húnavallaskóli Húnavatnshreppi

<https://www.hunavallaskoli.is/>

Grunnskóli Húnaþings vestra

Hvammstanga

<https://grunnskoli.hunathing.is/>



### Útgefandi

Leik- og grunnskólar Austur Húnavatnssýslu,  
Húnaþingi vestra og leikskóli Strandabyggðar 2020

### Ábyrgðarmenn

Guðrún Lára Magnúsdóttir, leikskólastjóri  
og Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri

### Ritstjórar

Guðrún Lára Magnúsdóttir, leikskólastjóri  
og Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri

### Prófarkalestur

Berglind Hlín Baldursdóttir, sérkennari  
og Guðný Kristín Guðnadóttir, aðstoðarleikskólastjóri

### Hönnun og uppsetning

Jóhann Ómarsson



Húnavatnshreppur



Húnaþingi vestra



Blönduós



Strandabyggð



Skagaströnd